



Verklagsreglur Norðurþings vegna tónlistarnáms utan lögheimilissveitarfélags

Framhaldsskólanemendur með lögheimili í Norðurþingi sem stunda tónlistarnám utan sveitarfélagsins geta sótt um að Norðurþing greiði kennslukostnað í tónlistarskóla vegna námsins. Norðurþing ber ekki lagaleg skylda til að greiða þennan kostnað.

Um niðurgreiðslu námskostnaðar gilda effirfarandi reglur:

Framhaldsskólanemendur með lögheimili í Norðurþingi sem leggja stund á tónlistarnám í öðru sveitarfélagi geta sótt um niðurgreiðslu námskostnaðar fyrir tónlistarnám á eitt hljóðfæri eða söng. Hámarks tími sem greitt er fyrir eru þrjár annir, enda hafi tónlistarnemandi eftir þann tíma tekið grunnpróf í söng eða miðpróf á hljóðfæri.

Skilyrði fyrir greiðslu kennslukostnaðar er að viðkomandi:

- fái tónlistarnámið metið til eininga í framhaldsskóla sínum.
- hafi áður stundað nám við Tónlistarskóla Húsavíkur.
- standi ekki til boða tónlistarnám við hæfi í heimabyggð.
- hafi ekki fengið kennslukostnað við tónlistarnám greitt í þrjár annir.

Sækja þarf um skriflega á þar til gerðu eyðublaði á vefsíðu Norðurþingsfyrir hverja önn, fyrir 1. júní vegna náms á haustönn og fyrir 1. nóvember fyrir nám á vorönn.

Umsóknum skal beina til fræðslufulltrúa Norðurþings.

Áður en umsókn er afgreidd þarf að skila inn námsvottorði frá síðasta skólaári við Tónlistarskóla Húsavíkur, þar sem fram koma upplýsingar um ástundun og námsárangur. Þessar upplýsingar eru hafðar til hliðsjónar við afgreiðslu umsóknar.

Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að meta umsókn með hliðsjón af því hvort sambærilegt nám sé í boði í Norðurþingi.

Ef greiðsla kennslukostnaðar fyrir tónlistarnám í öðru sveitarfélagi er samþykkt, ber umsækjanda að skila inn til fræðslufulltrúa upplýsingum um ástundun og námsárangur frá viðkomandi tónlistarskóla við lok hvernar annar. Sé viðunandi námsárangri ekki náð áskilur sveitarfélagið sér rétt til að greiða ekki kennslukostnað fyrir næstkomandi önn þó svo að samþykkt umsókn um slíkt liggi fyrir.

